

**Tímabundið leyfi til niðurrifs á Nesvegur 115 á Seltjarnarnesi,
fasteignanúmer 2068061**



Nafn leyfishafa: Nýmót ehf.
Kennitala: 491000-2280
Heimilisfang: Síðumúla 30
Ábyrgðarmaður: Hermann Arason
Netfang: nymot@nymot.is
GSM: 8218101

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir svo og önnur lög eða reglur sem varða starfsemina.

Framsal þessa leyfis er óheimil. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess. Afla þarf framkvæmdaleyfis hjá Seltjarnarnesbæ áður en niðurrif getur hafist.

Leyfið er gefið með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja. Eftir lok niðurrifs skal hafa samband við eftirlitsaðila fyrir lokaúttekt lóðarinnar og senda honum kvittanir fyrir móttöku úrgangs og upplýsingar um magn og gerðir þar sem einnig kemur fram hvert efnin fóru til endurnýtingar eða förgunar.

Útgáfudagur leyfis 16. desember 2019.
Leyfið gildir til 15. febrúar 2020.



Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri